


Skilur sáttur við læknisstarfið



Öðruvísi mannkynssaga



Lengri opnunartími
Nettó verslana
Nánari upplýsingar á netto.is

Tímamót > 16

Menning > 24

FRÉTTABLAÐIÐ

277. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FIMMTUDAGUR 22. DESEMBER 2022



Það var dimmt og hvasst á Helliðinni í gær, á vetrarsólstöðum og stysta degi ársins, og snjó skóf yfir veginn við Bláfjallaafleggjarann. Nú er daginn farið að lengja.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fjórðungur er á breytilegum vöxtum

Tæp 27 prósent heimila eru með óverðtrygð lán á breytilegum vöxtum og taka þannig hækkunar á vöxtum vegna hækkana Seðlabankans á stýr-vöxtum á sig af fullum þunga.

gar@frettabladid.is
olafur@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL „Þessi stokkur lántakenda sem er með lán á breytilegum vöxtum er stærri en talað hefur verið um,“ segir Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, þingmaður Viðreisnar, sem fengið hefur svör frá Seðlabankanum um samsetningu fasteignalána í landinu.

Í svörum Seðlabankans segir að 26,9 prósent fasteignalána séu óverðtrygð á breytilegum vöxtum.

„Það er riflega fjórðungur allra heimila sem er að taka á sig vaxtahækkunar af fullum þunga,“ segir Þorbjörg. Þá sé 4.451 heimili með óverðtrygð lán á föstum vöxtum sem komi til endurskoðunar næsta árið. Auk þess sé fjöldi heimila með lán á föstum vöxtum sem komi til endurskoðunar á árinu 2024.

„Þessar tölur kallast á við svör sem ég fékk frá viðskiptaráðherra um daginn um fjölda fyrirtækja sem gera upp rekstur sinn í öðrum gjaldmiðli en krónu. Það eru um 250 fyrirtæki,“ segir Þorbjörg. Þau séu til dæmis í sjávarútvegi og stóriðju.

„Maður fær þá tilfinningu að það séu tvær þjóðir í þessu landi. Það sé almenningurinn sem taki á sig þessar vaxtahækkunar og þá erfiðleika sem á okkur dynja en að hluti



Maður fær þá tilfinningu að það séu tvær þjóðir í þessu landi.



Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, þingmaður Viðreisnar

atvinnulífsins geti valið sér leið fram hjá krónuhagkerfinu og þeim kostnaði sem því fylgir.“

Þorbjörg bendir á að Ísland sé ekki eitt um að glíma við verðbólgu og vaxtahækkunar. „En vaxtahækkun-

irnar á Íslandi eru margfaldar á við það sem þær eru í nágrannaríkjum og öðrum Evrópuríkjum. Ástæðan er fyrst og fremst gjaldmiðillinn.“

Að sögn Þorbjargar þarf að upplýsa hvernig þessi hópur lántakenda sé samsettur. „Er þetta fyrst og fremst ungt fólk, þeir sem eru að kaupa sína fyrstu fasteign?“

Í svari Seðlabankans segir að í minnisblaði frá 9. nóvember 2022 hafi láðst að nefna hlut séreignarsparnaðar í lækkandi greiðslubyrði heimila.

„Velji lántaki að nýta séreignarsparnað sinn til að greiða inn á höfuðstól lána sinna hefur það vitskuld áhrif á greiðslubyrði lánsins og er að líkindum önnur helsta ástæða þess að greiðslubyrði lántaka hefur minnkað,“ bendir Seðlabankinn á. ■

Sakar Einar um vanþekkingu

REYKJAVÍK Formaður borgarráðs, Einar Þorsteinsson, liggur undir á mæli eftir ummæli um fagþekkingu Vinjar og undirskriftalista til að mótmæla niðurskurði borgarinnar.

„Ummæli Einars eru óheppileg og vísbending um að hann áttar sig ekki á mikilvægi félagsmiðstöðvarinnar,“ segir Margrét Eiríksdóttir, geðhjúkrunarfræðingur sem starfar hjá Landspítalanum.

Hún segir að það hafi þurft að hjálpa starfsmönnum sveitarfélaga að skilja að gestirnir stýri í raun starfinu.

Í því ljósi sé varhugavert að halda að sjálfboðaliðar geti leitt starf hópsins í Vin á kostnað fagfólks.

SJÁ SIÐU 4

Opíð í dag
9-22

KRÓNAN



Solfarið er vinsæll áfangastaður.

Stofa sem stuðli að sátt íbúa og ferðapjónustu

kristinnhaukur@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa komið sér saman um stofnun Áfangastaðastofu. Unnið hefur verið að verkefninu frá því á síðasta ári og verður hún opnuð á því næsta. Áætlað er að stofnfundur verið eigi síðar en 15. mars.

Tilgangurinn er að efla vitund um áfangastaði og allt það sem svæði hafa upp á að bjóða, bæði fyrir ferðamenn og íbúa, að efla samkeppnishæfni í alþjóðlegri samkeppni, að efla samstarf sveitarfélaganna, að styrkja ferðapjónustuna eftir Covid-faraldurinn og að stuðla að sátt milli íbúa og atvinnulífs um málefni ferðapjónustunnar.

Kostnaður félagsins fyrir næsta ár er áætlaður tæpar 40 milljónir sem skiptist hlutfallslega á sveitarfélögin sex. Félagið verður rekið sem sjálfseignarstofnun. ■

Gengið úr myrkrinu í ljósið



Vetrarsólstöðuganga Pieta-samtakanna fór fram í gær frá Klettagörðum til Skarfaragöra. Gengið var til minningar um þá sem fallið hafa fyrir eigin hendi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Styrkja nám um hugvikkandi efni

lovisa@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Fjarfestingafélagið Silfurberg hefur stofnað styrktarsjóð fyrir fagfólk í heilbrigðisþjónustu sem hefur lokið klínisku námi og hefur áhuga á að halda áfram námi í fræðum sem tengjast hugvikkandi efnum. Heildarfjárhæðin er 20 milljónir króna.

Sara María Júlíusdóttir er fyrsti Íslendingurinn sem stundar slíkt nám. Hún, ásamt fleirum, heldur ráðstefnu í byrjun næsta árs í Hörpu þar sem fræðimenn víðs vegar úr heiminum kynna sínar rannsóknir. „Ég er í fjögurra ára mastersnámi í Kólumbíu og ætla svo í doktorsnámi,“ segir Sara og að í raun virki þessi meðferð á allt sem er að.

„Þetta hljómar eins og lygasaga en það sem þessi efni eiga sameiginlegt er að þau styðja við miðtaugakerfið og endurstilla og örva endur- og nýmyndun á tauga- og heilafrum-



Sara María er fyrsti Íslendingurinn til að stunda þetta nám. MYND/AÐSEND

um og allt sem er að í líkamanum er af því að taugakerfið nær ekki að halda utan um ástandið. Þá brotnar eitthvað, sama hvort það er andlega eða líkamlega,“ segir Sara María.

Sækja má um nú þegar en lokað verður fyrir umsóknir 1. október 2023. ■

Nánar á frettabladid.is

Ásgeir segist fórnarlamb skipulagðra tryggingasvika

Maður sakar annan um svik eftir árás á Laugavegi í vor. Grunar skipulagða glæpastarfsemi. Galt fyrir svikin með hækkuð tryggingagjalda.

bth@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Ásgeir Ebeneser Þórðarson eldri borgari ók niður Laugavegin 26. apríl síðastliðinn að morgni dags. Hann segist hafa hægt á bifreið sinni til móts við Gilbert úrsmið. Þá hafi hann heyrt blístur ofar í götunni, litið í bak-sýnisspeglinn og séð ungan mann veifandi á rafhlaupahjól.

Ásgeir segist hafa stöðvað bílinn en þá hafi maðurinn haft uppi mikinn svívirðingaflaum og kýlt hliðar-spegil bílsins úr lið. Hann hafi orðið smeykur en maðurinn hafi hjólað fram fyrir bílinn, rekist á stöpul og fallið af hjólinu í gangstéttina.

Ásgeir segist hafa reynt að koma sér burt en ungi maðurinn hafi sprottíð upp úr götunni og elt hann með formælingum og fökkmerkjum. Um síðir losaði Ásgeir sig við manninn og hringdi að sögn strax í lögregluna og gaf skýrslu.

„Ég var í mjög miklu uppnámi, þetta var harkaleg árás á mig,“ segir Ásgeir.

Síðar kom á daginn að ungi maðurinn á hjólinu hafði líka kært Ásgeir. Hann ber að Ásgeir hafi ekið í veg fyrir sig með þeim afleiðingum að hann féll af hjólinu, slasaðist og braut hjálm. Nokkrum vikum síðar var málið fellt niður af hálfu lögreglu þar sem aðilum bar ekki saman um atvik.

Sagan er ekki fullsögd, því hálfu ári síðar, fyrir nokkum vikum, rak Ásgeir augun í að tryggingar hans hjá Sjóvá höfðu hækkað úr 148.000 í 182.400 krónur. Þegar hann leitaði skýringa var svarið að hann hefði valdið manni skaða í umferð.

Ásgeir segir að þá hafi ungi mað-



Ásgeir segist hart leikinn af hálfu svikahrapps og vandar eigin tryggingafélagi ekki heldur kveðjurnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Þá er viðbúið að ógæfumenn sem þurfa að eiga fyrir næsta skammti fari að stunda svona starfsemi og það blossi upp faraldur.

Ásgeir Þórðarson, eldri borgari

urinn náð að sannfæra lögræðingateymi um að hann væri þolandi. Lögræðiteymi Sjóvár hafi tekið málið einhliða yfir án þess að hafa samband. Ásgeir brást við með því að afla sjálfur vitnisburðar manns sem varð vitni að atvikinu og staðfestir frásögn Ásgeirs.

„Tryggingafélagið er enn ekki búið að draga hækkuð gjaldanna til baka en ég hef sagt við Sjóvá: Ef

þið ætlið að greiða þessum manni bætur fyrir einbeittan brotavilja hans að svikja út fé með hjálp lögmanna þá er viðbúið að ógæfumenn sem þurfa að eiga fyrir næsta skammti fari að stunda svona starfsemi og það blossi upp faraldur,“ segir Ásgeir.

„Þetta mál hefur valdið mér svefnleysi. Ég er að bíða eftir uppskurði vegna krabbameins og fæ þá þetta í fangið,“ segir Ásgeir og segist sárt leikinn.

Sjóvá virðist líta svo á sem um sé að ræða ágreining um atvik vegna umferðaróhapps. Félagið ræðir ekki einstök mál að sögn Jóhanns Þórssonar markaðsstjóra og bregst því ekki við gagnrýni Ásgeirs. Viðbótar-gögn, yfirlýsing nýs vitnis í málinu, eru þó til skoðunar hjá Sjóvá samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Grímur Grímsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir allmörg mál hafa komið upp er varði tryggingasvik. Þar á meðal sé sviðsetning slysa en hann kannist ekki skipulagða glæpastarfsemi í þeim efnum. ■

ILVA

KÓSÍ UM JÓLIN

20%

AF MATARSTELUM OG HNÍFAPARASETTUM

GARÐABÆR | AKUREYRI | SELFOSS



Kringlan

Allt þitt uppáhalds fyrir

GLEÐILEGA HÁTÍÐ

Opnunartími 22. – 23. des: 10 – 22

Aðfangadag: 10 – 13

Jóladag og annan í jólum: Lokað



Leggst gegn áætlun ráðherra um sameiningu héraðsdómstóla

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Halla Signý Kristjánsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, segist ekki geta stutt sameiningu héraðsdómstólanna líkt og Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra hefur boðað. Starfshópur skilaði nýlega skýrslu um málið og hyggst Jón leggja fram frumvarp.

Stefnt er að því að til verði einn dómstóll, Héraðsdómur, í stað átta

með yfirstjórn í Reykjavík. Þar sem dómstólarnir eru núna verði starfsstöðvar með lögbundinn starfsmannafjölda. Með þessu fengist svigrúm til að nýta mannaúð betur og dómstigið yrði styrkt.

„Sporin hræða í þessa átt. Þegar verið er að sameina svona stofnanir,“ segir Halla. „Þetta eru háleit markmið og fin en af hverju er ekki hægt að gera þetta innan núverandi kerfis? Að styrkja héraðsdómstól-



Halla Signý Kristjánsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins

ana og fjölga starfsfólki.“ En Halla kemur frá Vestfjörðum þar sem héraðsdómurinn er nú þegar fámennur og veikur.

Nefnir hún að þetta mál sé samþæfilegt og áætlun Jóns um sameiningu sýslumannsembættta, sem frumvarp liggur fyrir um. Býst hún við því að lögregluembættin séu næst á dagskrá. Verið sé að fækka löglærðu starfsfólki og sérfræðingum á starfsstöðvunum.

„Ég sé ekki hvernig á að færa verkefni út á land þegar það er búið að fækka sérfræðingum þar,“ segir hún og óttast að þetta nýja kerfi nagi starfsstöðvarnar að innan. „Það er verið að færa valdið á eina einingu.“

Telur Halla vel hægt að ná fram markmiðum um eflingu og mönnun landsbyggðarinnar innan núverandi kerfis og einungis það geti hún stutt. ■



Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, ritstjóri Stundarinnar, og Jón Trausti Reynisson framkvæmdastjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kjarnanum og Stundinni steyp saman í eitt félag

gar@frettabladid.is

FJÖLMÍDLAR Vefsíðan Kjarninn og fréttamiðillinn Stundin verða sameinuð nú um áramótin undir nýju nafni sem enn hefur ekki verið opinberað. Að sögn aðstandenda miðlanna verður haldið uppi fjölmíðlun á vefnum auk þess sem gefið verður út blað á prenti tvisvar í mánuði.

Rekstur Stundarinnar og Kjarnans hefur byggst á ólíkum tekjumódelum. Kjarninn hefur tekjur af auglýsingum og frá styrktaraðilum þar sem ríkið er langfyrirferðarmest með 14,5 milljóna króna framlag á þessu ári. Stundin fær 22,3 milljóna króna styrk úr ríkissjóði á þessu ári en tekjur miðilsins að stærstu leyti eru reistar á sölu áskrifta og auglýsinga.

Tekjur Stundarinnar samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2021 námu 233,9 milljónum króna.

Ársreikning Kjarnans fyrir 2021 er ekki að finna á vef Ríkisskattstjóra þótt honum virðist hafa verið skilað þangað fyrir fjórum vikum. Tekjur fyrirtækisins árið 2020 námu hins vegar 77,9 milljónum króna. ■

Ummæli formanns borgarráðs sögð afleit og til marks um vanþekkingu

Borgarfulltrúi í minnihlutunum segir ótrúlegt að Einar Þorsteinsson hafi látið út úr sér að sjálfboðaliðar geti þjónustað gesti á Vin í stað fagfólks. Geðhjúkrunarfræðingur gagnrýnir einnig ummælin.

bth@frettabladid.is

REYKJAVÍK Formaður borgarráðs, Einar Þorsteinsson, liggur undir ámæli eftir ummæli á Fréttavaktinni á sjónvarpsstöðinni Hringbraut.

Einar sagði, eftir að hópur borgara hafði afhent 4.000 undirskriftir til að mótmæla röskun á starfi Vinjar vegna niðurskurðar hjá borginni:

„Ég velti því upp, þetta byrjaði sem sjálfboðaliðaverkefni af hálfu Rauða krossins, starfsemin í húsinu er þess eðlis að það þarf ekki endilega fagfólk til þess að sinna því. Ég velti fyrir mér hvort einhverjir af þessum 4.000 sem skrifuðu undir þetta eða Rauði krossinn eða aðrir sem vilja sinna þessum hópi með þessum hætti vilji gera það áfram.“

Í júlí 2022 var tilkynnt á vef Reykjavíkurborgar að borgin hefði tekið við rekstri Vinjar af Rauða krossinum eftir 29 ára sögu.

Sigprúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvarinnar, sagði þegar borgin tók við rekstrinum að spennandi tímar væru fram undan. „Við ætlum að læra af því starfi sem hefur verið hér og tökum svo eitt skref í einu í átt að því að efla það enn frekar,“ sagði hún.

Rúmu ári síðar er Reykjavíkurborg á undanhaldi og fullkomin óvissa nú um framhaldið, notendum til ama.



Kári Auðar Svansson er í hópi gesta hjá Vin. Hann segir að mjög myndi fjölga á geðdeildum ef Vin yrði lokað.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Mér finnst ótrúlegt að maðurinn skuli láta svona út úr sér.



Sanna Magdalena Mörtudóttir, borgarfulltrúi Sósíalistaflokksins

„Mér finnst ótrúlegt að maðurinn skuli láta svona út úr sér. Hann kastar ábyrgðinni frá sér,“ segir Sanna Magdalena Mörtudóttir, borgarfulltrúi Sósíalista. Hún telur ummæli Einars til marks um vanþekkingu þeirra sem hafi völdin um framtíð Vinjar.

Margrét Eiríksdóttir, geðhjúkrunarfræðingur sem starfar hjá Landspítalanum, þekkir mjög vel til starfsins í Vin.

„Ummæli Einars eru óheppileg og vísbending um að hann áttar sig ekki á mikilvægi félagsmiðstöðvarinnar, áttar sig ekki á mikilvægi þess að hafa þjálfað fólk til að starfa með þessum hópi,“ segir Margrét.

Hún segir Rauða krossinn hafa stofnað Vin fyrir fólk með geðræn veikindi af því að engin slík þjónusta var fyrir hendi. Starfsreglur

Rauða krossins séu að eiga ekki í samkeppni við önnur úrræði og þess vegna sé langsótt að Rauði krossinn taki aftur við starfinu.

„Svo þróaðist samfélagið og Rauði krossinn steig úr úr starfinu. Það var til að eiga ekki í samkeppni við önnur úrræði,“ segir Margrét.

Hún segir að það hafi þurft að hjálpa starfsmönnum sveitarfélaga að skilja að gestirnir stýri í raun starfinu. Í því ljósi sé varhugavert að halda að sjálfboðaliðar geti leitt starf hópsins í Vin á kostnað fagfólks.

„Við erum að tala um þjálfun frekar en menntun,“ segir Margrét. „Það er allt annað að koma í heimsókn á sunnudegi í Vin þegar bara eru sjálfboðaliðar eða virka daga þegar starfsmannahópurinn er á staðnum,“ segir Margrét. ■

ÓMISSANDI HLUTI AF FJÖLSKYLDUNNI

JEEP® COMPASS TRAILHAWK 4XE
ALVÖRU JEPPI – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8

ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFLÖÐUNNI

PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ISBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep



4XE
PLUG-IN HYBRID

JEEP.IS



Herra
laggerinn
outlet
líka fyrir konur

**TROÐFULL VERSLUN AF MERKJAVÖRU
FRÁ EFTIRTÖLDUM VERSLUNUM**

Herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN / SMÁRALIND

BOSS
BÚÐIN KRINGLUNNI

HANZ
KRINGLUNNI

Mathilda
Kringlunni

COLLECTIONS
Geirsgata 4 - við Hafnartorg

40-60%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



Sitiveni Rabuka (annar frá hægri), vantanlegur forsætisráðherra Fídjí.

Valdaraeningi á Fídjí tapar loks þingkosningum

thorgrimur@frettabladid.is

FÍDJI Áætlað er að stjórnarskipti verði í Kyrrahafseyríkinu Fídjí í fyrsta sinn í sextán ár eftir að þrjár stjórnarandstöðuflokkar komu sér saman um meirihlutasamstarf. Fídjí hefur verið stjórnað af Frank Bainimarama frá valdaráni herforingja árið 2006. Stjórnarmálflokkur Bainimarama, Fídjí fyrst, vann kosningar 2014 og 2018.

Í kosningum sem haldnar voru í síðustu viku var Fídjí fyrst aftur í fyrsta sæti en þrjár stjórnarandstöðuflokkar fengu samanlagt fleiri þingsæti. Bainimarama hefur enn ekki tjáð sig um niðurstöðurnar. ■



Selenskij hittir Biden-hjónin í fyrstu heimsókn sinni frá því stríðið hófst.

Úkraínuforseti í Bandaríkjunum

thorgrimur@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Volodímír Selenskij Úkraínuforseti kom til Washington, höfuðborgar Bandaríkjanna, í gær. Þetta er í fyrsta sinn sem hann yfirgefur Úkraínu síðan innrás Rússa í landið hófst í febrúar.

Selenskij byrjaði á að funda með Joe Biden Bandaríkjaforseta í Hvíta húsinu. Einnig er á dagskránni að ávarpa sameiginlegan fund beggja deilda Bandaríkjaþings.

Búist við því að Biden tilkynni um frekari hernaðaraðstoð til Úkraínu upp á 1,8 milljarða Bandaríkjadala, eða um 260 milljarða íslenskra króna. ■

Neita að hafa útvegað Rússum dróna

Úkraínumenn hafa sakað Rússa um að nota íranska sjálfsmorðsprengjudróna í stórfelldri árás á höfuðborgina Kænugarð á dögunum. Íranir neita að hafa séð Rússum fyrir slíkum drónum en Sameinuðu þjóðirnar eiga enn eftir að sanna gildi þeirra fullyrðinga.

helgisteinar@frettabladid.is

ALÞJÓÐAMÁL Úkraínski yfirvöld hafa greint frá því að Rússar hafi notað íranska dróna til að ráðast á innviði í stórfelldri árás á höfuðborg landsins á dögunum. Herstjórnin í Kænugarði segir að rússneski herinn hafi notað fleiri en 20 dróna í árásinni.

Drónarnir eru kallaðir sjálfsmorðsprengjudrónar, eða „kamikaze-drónar“, í höfuðið á japönsku Kamikaze-flugmönnum sem flugu vélum sínum af ásettu ráði á herskip og önnur skotmörk andstaðinganna.

Á þeim tíu mánuðum sem liðin eru frá því að stríðið hófst hafa Rússar notað langdrægar eldflaugar og íranska dróna til að ráðast á orkuinnviði Úkraínu og virðist það vera nokkuð skýr stefna af hálfu rússneskra yfirvalda að draga úr baráttuanda Úkraínumanna með því að láta íbúa þar frjóska í hel.

Leyniþjónusta Úkraínu segir að Rússar hafi nýlega þegið sendingu af drónum frá Íran. Samkvæmt Andrej Júsov, talsmanni leyniþjónustunnar, hafi nýja sendingin verið töluvert minni en sú sem barst í sumar þegar Rússar fengu í það minnsta 400 dróna í hendurnar. Rússneski herinn á að hafa klárar þær birgðir í október og nóvember á Krímskaganum, en árástirnar hættu í tvær til þrjár vikur sem bendir til hugsanlegs skorts.

Hossein Amír-Abdollahian, utanríkisráðherra Írans, hefur ítrekað neitað að þjóð hans standi að því að útvega Rússlandi dróna til notkunar gegn Úkraínumönnum en hefur viðurkennt að drónasendingar hafi borist til Rússlands „áður en stríðið hófst“.

Talsmaður úkraínsku leyniþjónustunnar hefur einnig vitnað í fyrri samninga á milli Rússlands og Írans hvað varðar langdrægar eldflaugar.

„Hingað til hafa íranskar eldflaugar ekki verið notaðar gegn Úkraínu þó svo að sá möguleiki sé fyrir hendi og við höldum áfram að fylgjast með upplýsingum hvað það mál varðar. Við erum að gera okkar besta til að tryggja að slíkt muni ekki eiga sér stað,“ segir Andrej Júsov.



Dróni flýgur yfir úkraínsku höfuðborginni í miðri rússneski árás sem varð tveimur að bana.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Bandaríkin gagnrýna SP vegna íranskra dróna

Bandaríkin sökuðu aðalritara Sameinuðu þjóðanna um að „blikna undan hótunum Rússa“ með því að láta hjá líða að láta fara fram rannsókn á ásökunum Vesturlanda um að Rússar noti dróna smíðaða í Íran til að ráðast á Úkraínu.

SHAHED-136: Íranskir „kamikaze-drónar“ hæfa skotmörk sín með því að fljúga á þau.


Orkubú: MD550 50HP-stimpilvél knýr áfram tveggja blaða skrúfu.

Stöðuleika-stýring

Delta-vængstilling.

Trúkkur með fjölskota eldflaugakerfi.

Drónum er skotið fimm saman úr hölfum í hylki sem truckurinn ber.



Heimildir: Army Recognition, Associated Press, Defence Express, France 24 © GRAPHIC NEWS

Þyngd 200 kg

Hámarkshraði 185 km/klst.

Drægni 1.000-2.500 km.


Hæð 60-4.000 m.

Nef Ber 30-50 kg sprenguodd og búnað til að gera árástir af nákvæmni


Hægt er að forrita drónann svo hann fljúgi sjálfvirkur að tilteknum hnitum á GPS-tæki með sprengiefni innanborðs.

Skotmarkið verður að vera kyrrstætt.

Dróni í samanburði við manneskju



Við erum að gera okkar besta til að tryggja að slíkt muni ekki eiga sér stað.



Andrej Júsov, talsmaður úkraínsku leyniþjónustunnar

Bandaríkjamenn hafa einnig tjáð sig um málefnið og sakað aðalritara Sameinuðu þjóðanna um að láta undan ógnunum Rússa með því að rannsaka ekki hvort írönsk stjórnvöld séu í raun og veru að sjá Rússum fyrir drónum. Á fundi sem haldinn var af öryggisráði Sameinuðu þjóðanna á mánudag þvertóku Íranir fyrir að hafa sent dróna til Rússlands og ásökuðu Vesturlönd um að beina athygli frá eigin vopnflutningum til Úkraínu í því skyni að framlengja stríðið. ■

Óttast um öryggi barna við höllina

kristinnhaukur@frettabladid.is

SUBURNES Knattspyrnudeild og fimleikadeild íþrótt- og ungmenntafélagsins Keflavíkur hafa sent inn bréf til bæjarstjórnar Reykjanesháttar vegna aðstæðna við Nettóhöllina og Fimleikaakademíuna. Telja deildirnar þörf á að endurskipuleggja svæðið og fara í herferð til að efla öryggi barna.

„Slyshætta er töluverð þarna, sérstaklega í skammdeginu,“ segir í bréfinu. „Það er okkar ósk að skoðað verði hvort hægt sé að skipuleggja þetta svæði betur og stýra umferðinni í annan farveg með öryggi barnanna í huga.“ Bent er á að nokkur hundruð iðkenda, stórir sem smáir, eigi leið þarna um á hverjum degi.

Forsvarsmenn knattspyrndeildarinnar hafa áhyggjur af umferðarþunganum seinnipart



Íþróttafélagið hefur áhyggjur af lýsingu, merkingum og öllum öðrum.

MYND/ÞÓSEND

dags, klukkan 16 til 17, þegar yngstu iðkendurnir eru að klára. Telja þeir að bæta þurfi lýsingu fyrir framan höllina, huga að hálkuvörnum og bæta merkingar. Best væri ef lögreglan yrði sýnilegri á þessum tíma til þess að fólk fari eftir reglum. Börnin séu að skjótast á milli bíla, með fullar töskur og gá oft ekki að sér. „Sér í lagi þessi

yngstu sem rétt ná upp fyrir húddið sum hver.“

Fimleikadeildin bendir á að bílastæðið sé illa hannað og þar skapist troðningur. Endurskipuleggja þurfi bílastæðið og hugsanlega stækka það. Þá þurfi einnig að huga að öryggi barna sem koma með strætó og þurfa að fara yfir veg til að komast að höllinni. ■

ALLT FYRIR
JÓLIN Í EINNI FERÐ


FK | einstök
FJARÐARKAUP | verslun

Um leið og við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári, þökkum við viðskiptin á árinu sem er að líða.



Skeifan 6
Kringlan
Laugavegur 7
Smáralind
5687733
www.epal.is

Jóla kortsteikning:
Hugleikur Dagsson



Skotárásir, kókaín og manndráp

Mikið var um sakamál árið 2022. Þar má nefna fíkniefnamál, skotárásir, morð og rannsókn á skipulagningu hryðjuverka. Hér eru tekin saman helstu sakamál ársins, en miðað er við mál sem áttu sér alfarið stað á þessu ári. Því falla nokkur úr sem teygja sig til fyrri ára, en upplýst voru eða rannsökuð á árinu.

jonthor@frettabladid.is



Skotárás í Grafarholti

Aðfaranótt 10. febrúar var skotið á karl og konu í Grafarholti. Karlinn var skotinn í lærið og konan í kviðinn. Þau lifðu bæði af.

Tveir menn voru handteknir vegna málsins, en samkvæmt úrskurði Landsréttar var sá sem er grunaður um að hleypra af fyrrverandi kærasti konunnar og hafði hann itrekað hótað henni áður.

Hinn maðurinn sem er grunaður í málinu hefur lýst atvikum þannig að byssumaðurinn hafi beðið hann um að skutla honum á vettvang, en þar hafi karlinn og konan verið utandyra. Maðurinn á þá að hafa kallað til konunnar og því næst skotið úr byssu í átt til þeirra. Síðan hafi þeir keyrt á brott.



Vélbyssur í miðbænum

Aðfaranótt sunnudagsins 13. febrúar tilkynnti maður um skotárás utandyra í miðbæ Reykjavíkur. Sá sem tilkynnti um málið var þolandi árásarinnar, en hann var fluttur á slysadeild í kjölfarið. Eitt af fjórum skotum sem hleypt var af fór í gegnum brjósthol mannsins.

Myndband sem sýndi vopnaða lögreglumenn í bilastæðahúsi í borginni bregðast við árásinni fór í dreifingu á samfélagsmiðlum, en þrír menn voru handteknir vegna málsins, enginn þeirra eldri en tvítugur. Skotmaðurinn hefur játað brot sín.

Prívíddarprentað skotvopn var notað í árásinni, en það kom lögreglunni á spor þeirra sem grunaðir eru í hryðjuverkamálinu svokallaða.



Skotárás í Hafnarfirði

Þann 22. júní skaut maður, af svölum íbúðar sinnar í Miðvangi í Hafnarfirði, tveimur skotum á kyrrstæðan bíl. Í honum voru feðgar á leið í leikskólann, en sonurinn var einungis sex ára gamall. Skotin hæfðu þá ekki, en annað skotanna braut þó bílrúðu og rigndi glerbrotum yfir föðurinn.

Maðurinn var sýknaður í héraðsdómi vegna málsins nú í desember, en þarf þó að sæta öryggisgæslu

á viðeigandi stofnun og greiða feðgunum samtals 1,7 milljónir króna.

Fram hefur komið að maðurinn hafi verið í mjög slæmu ástandi þegar verknaðurinn var framinn og hafi framburður hans því verið mjög ruglingslegur. Hann hafi til að mynda haldið að maðurinn í bílnum væri glæpamaður sem hann hefði þurft að stöðva áður en lögreglan kæmi á vettvang.



Stóra kókaínmálið

Kókaínið í stærsta kókaínmáli Íslandssögunnar kom aldrei til landsins. Efnin voru flutt í timbri í gámi frá Brasíliu til Hollands, en þar gerðu tollyfirvöld efnin upptæk. Í staðinn var gerviefnum komið fyrir og gámurinn fluttur áfram til Íslands, líkt og staðið hafði til.

Þann 4. ágúst fylgdist lögregla með því þegar timbrið var fjarlægð úr gámmum af sakborningi málsins. Síðar sama dag fjarlægði annar sakborningur efnin úr timbrinu og tók hluta þeirra með sér áður en hann var handtekinn.

Hinn sakborningurinn var einnig handtekinn skömmu síðar og sagði í skýrslutöku daginn eftir að kókaínið hefði verið flutt í gegnum fyrirtæki hans, en hann sagðist ekki vita hversu mikið efnin var í gámmum. Þá sagðist hann hafa átt að fá 30 milljónir króna fyrir sinn hlut í málinu. Hann dró það síðar til baka.

Um var að ræða tæplega hundrað kíló af kókaíni sem flytja átti til landsins, sem er það mesta í Íslandssögunni. Fyrra met var sextán kíló. Eflaust voru verðmæti efnanna í milljarðatali.

Manndráp í Barðavogi

Fjölskylduafaðir á fimmtugsaldri fannst látinn í íbúð sinni í Barðavogi þann 4. júní og í kjölfarið var rúmlega tvítugur karlmaður handtekinn vegna þess. Talið er að maðurinn hafi látist af völdum barsmiða og að barefli hafi verið notað.

Í ákæru er manningnum unga gefið að sök að hafa ráðist á manninn, fyrst inni á stigagangi hússins og síðan utan við húsið, þar sem hann sparkaði í, kylði og traðkaði itrekað á höfði hans og brjóstkaða með þeim afleiðingum að hann lét lífið.

Greint var frá því að lögreglan hefði að minnsta kosti verið kölluð til tvisvar að íbúðinni sólarhringinn áður en maðurinn fannst látinn þar.

Fyrir dómi hefur maðurinn sem grunaður er í málinu sagst hafa verið að beita neyðarvörn.



Mátulegir

Sviðsútgáfa af kvikmyndinni Druk



Glíf

Bubbi Morthens
Söngleikur



Borgarleikhúsið

Gefðu upplifun í jólagjöf



Tryggðu þér gjafakort
á borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið

Hryðjuverkamál

Á blaðamannafundi lögreglu fimmtudaginn 22. september var tilkynnt að tveir menn, sem höfðu verið handteknir daginn áður, væru grunaðir um að skipuleggja hryðjuverk á Íslandi. Á blaðamannafundinum sagði að lögregla hefði með aðgerðum sínum afstýrt hættuástandi.

Síðan hefur komið í ljós að mennirnir framleiddu vopn og íhluti í vopn með þrívíddarprentara. Ríkislögreglustjóri þurfti að vísa málinu frá þar sem nafn föður hennar kom upp í rannsókninni í tengslum við vopnaframleiðslu manna.

Í dómsúrskurði kemur fram að í einkaskilaboðum sem mennirnir sendu sín á milli hafi þeir talað um að fremja voðaverk, til dæmis með því að keyra truck í gegnum hóp fólks og gera drónarárásir.

Auk þess hefur verið greint frá því að mennirnir hafi talað sín

á milli um að drepa eða skaða þekkt einstaklinga, líkt og ráðherrann Guðlaug Þór Þórðarson, Gunnar Smára Egilsson stofnanda Sósíalístaflakksins, Sólvéigu Önnu Jónsdóttur, formann Eflingar, Björn Lévi Gunnarsson, þingmann Pírata, sem og aðra fyrrverandi þingmenn flokksins.

Europol var fengið til að gefa sitt álit í málinu og taldi að mennirnir hefðu verið á barmi þess að grípa til aðgerða og fremja hryðjuverk á Íslandi.

Mennirnir hafa neitað sök varðandi skipulagningu hryðjuverka, en játað að hafa framið vopnalagabrot. Þeim var sleppt úr haldi á dögunum, eftir að hafa verið í gæsluvarðhaldi í um það bil þrettán vikur. Það gerðist í kjölfar þess að ákæra var gefin út í málinu, en lögmenn manna hafa gagnrýnt að í henni sé ótilgreint gegn hverjum og hvar þeir hefðu ætlað að gera árásina.



Skotárás á Blönduósi

Á milli klukkan fimm og sex aðfaranótt sunnudagsins 21. ágúst átti sér stað skotárás í einbýlishúsi á Blönduósi sem orsakaði að tveir létu lífið og einn slasaðist.

Skotmaðurinn var annar þeirra látnu og er talið að hann hafi brotist inn á heimilið og skotið hjón. Konan lét lífið og maður hennar slasaðist alvarlega.

Sonur hjónanna hefur fengið stöðu sakbornings en hann er talinn hafa orðið árársamanninum að bana í kjölfar árársarinnar. Hann var gestkomandi á heimili foreldra sinna ásamt barnsmóður og ungu barni þeirra.

Skotmaðurinn var fyrrverandi starfsmaður föðurins, en hann hafði áður komið við sögu lögreglu þegar hann var tekinn fyrir brot á vopnalögum fyrr í sumar þegar hann mætti í garðinn fyrir utan sama hús að áreita sama fólk með skotvopn í hendi.



Axarárás við skóla

Þann 29. nóvember átti árárs sér stað við Dalskóla í Úlfarsárdal. Maður, sem er grunaður um að hafa ráðast að fyrrverandi eiginkonu sinni með öxi, var handtekin í beinu framhaldi árársarinnar.

Konan var talsvert slösuð en ekki í lífshættu. Málið snertir tvö börn í skólanum. Mörg vitni voru að árársinni og þar á meðal voru börn.



Bankastræti Club

Stuttu fyrir miðnætti fimmtudagsins 17. nóvember réðst fjöldi karlmannna á þrjá menn á skemmtistaðnum Bankastræti Club í Reykjavík. Myndband af árársinni sýnir sautján grimuklædda menn hlaupa niður í kjallara staðarins og gera árásina áður en þeir komu sér á brott.

Brotapolarnir þrír lifðu af, en virðast allir hafa verið stungnir oftar en einu sinni, einn þeirra tólf sinnum.

Rúmlega tuttugu hafa verið handteknir og að minnsta kosti tíu úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna málsins sem er rannsakað sem tilraun til manndráps.

Árásin átti sér eftirmála. Til að mynda var bensín- og reyksprengjum kastað í íbúðarhús og á aðra skemmtistaði. Þá voru óhugnanleg skilaboð í dreifingu í kjölfar árársarinnar sem varð meðal annars til þess að lögregla ákvað að hafa aukið eftirlit í miðborginni helgarnar eftir árásina.



Ólafsfjarðarmálið

Aðfaranótt mánudagsins 3. október 2022 var karlmaður stunginn til bana í íbúð á Ólafsfirði. Fjögur voru handtekin vegna málsins og áttu bæði hinn látni og þau sem handtekin voru dóma fyrir hin ýmsu brot að baki.

Síðan hefur þeim öllum

verið sleppt úr haldi. Lengst var í gæsluvarðhaldi maður sem lögregla virðist telja að hafi átt í átökum við hinn látna. Sá maður segir að um slys hafi verið að ræða. Þá hefur einnig komið í ljós að hann var lengst í gæsluvarðhaldi vegna annarra brota, ekki vegna stungumálsins.

Heill heimur
af útivistarfatnaði,
skóm og fylgihlutum



Gledilega útivist



ICEWEAR ❄️ MAGASÍN
LAUGAVEGUR 91



Bylur og bilun



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Langvarandi lokun á mikilvægustu þjóðleið landsmanna er alvarleg áminning á hendur samgönguyfirvöldum. Þau voru ekki búin undir veturinn. Og það var líklega ekki til viðbragðsáætlun sem kom að nokkru gagni þegar allt sat fast.

Þetta er úr takti við allan veruleika þjóðarinnar. Ef það er akkúrat eitthvað sem Íslendingar hafa vitað fyrir víst um aldir alda er það að fannfergið kemur fyrir rest. Veturinn minnir á sig, oftast með afgerandi hætti – og þá kyngir niður snjó á einni nóttu. Eftir situr ófærðin og innilokun heilu byggðarlaganna.

En kannski er einmitt ekkert íslenskará í samanlagðri sögu landsmanna. Þjóðin er og hefur verið teppt vegna veðurs. Og raunar teppt í svo mörgum öðrum skilningi, ef út í það er farið.

Látum þó vera hvað fyrri tíða formæður okkar og forfedur þurftu að leggja á sig til að moka sig út úr vandanum. En seinni tíma vísindi og tækni ættu að hafa skilað einhverjum árangri við að ráða við aðstæður af þessu tagi. Og nægir eru fjármunirnir hjá einni ríkustu og þróðustu þjóð á kringlu jarðar.

En niðurstáðan, þegar næstum fjórðungur er liðinn af nýrri öld, er að yfirvöld í landinu hafa hvorki ráð né tíma til að tryggja samgöngur á leiðinni á milli höfuðborgarinnar og alþjóðaflugvallarins á einu og sama landshorninu, þótt bæði nákvæmar og ítrekaðar veðurfréttir hins opinbera hefðu varað við því sem koma skyldi.

Það er engan veginn viðunandi að þessi líflína landsins sé lokuð svo sólarhringum skipti. Og þarf ekki að orðlengja ástæður þess arna.


Hér þarf vitaskuld að skoða hvað fór úrskeiðis. Og læra af mistökunum. En eins væri ekki úr vegi að kanna hver ber á endanum ábyrgðina á klúðrinu, þótt það fari nú raunar svolítið á svig við íslenska pólitík sem ypptir vanalega öxlum þegar axarsköftin eru hennar.

Má vera að Vegagerðin á Íslandi sé orðin það fjársvelt að hún ráði ekki lengur við hefðbundinn íslenskan vetrarbyl? Og ef svo er, hvaða pólitík liggur þar að baki? Og getur líka verið að hið opinbera sé einfaldlega farið að reida sig um of á sjálfboðalíðasamtök sem bregðast aldrei þegar kallið kemur? Ræður ríkisvaldið ekki lengur við neyðarstundina?

Og svo má auðvitað spyrja í mestu einlægni, verður eitthvað breytt í næsta byl? ■

”
Það er engan veginn viðunandi að þessi líflína landsins sé lokuð svo sólarhringum skipti.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

Rýnt án veðurguðs

Innviðaráðuneytið hefur sett á laggirnar hóp sem hefur það markmið að rýna í óveðrið sem gekk yfir landið og varð til þess að loka þurfti Reykjanesbrautinni í tvo daga. Þeir sem munu rýna í stöðuna sem kom upp eru fulltrúar frá ráðuneytinu, Vegagerðinni, almannavörnum og lögreglunni á Suðurnesjum. Athygli vekur að veðurguðirnir eru ekki kallaðir í starfshópinn en miðað við vitleysuna sem gekk á í byrjun vikunnar hefði ekki komið neitt á óvart ef sá stóri þarna uppi hefði verið kallaður til og beðinn um að hætta að blása svona ofboðslegri ofankomu um allar trissur.

Ekkert lært

Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, bendir á í Fésbókarfærslu að aðstæðurnar sem dúkkuðu upp í höfuðborginni séu alls ekkert einsdæmi. Landið okkar heiti jú Ísland. Hildur bendir á að í upphafi árs hafi sams konar aðstæður birst borgarbúum og starfsmenn vetrarþjónustu borgarinnar hafi lýst sig „fullsadda“ af hringlandahætti, þekkingarleysi og virðingarleysi borgaryfirvalda í sinn garð. En viti menn. Ekkert lagaðist. Ætli meirihlutinn í Reykjavík hafi ekki sett á laggirnar starfshóp en hann sé ekki búinn að ljúka vinnu sinni. Það sé því ekkert að fréttu, frekar en fyrri daginn, úr Ráðhúsinu og við næsta hvell muni allt lokast á ný. ■

Göngum til friðar



Steinunn Þóra Árnadóttir
þingmaður
Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs

Senn liður að jólum og við undirbúum hátíð ljöss og friðar með fjölskyldum okkar og vinum. Við sjáum fram á náðuga daga með góðum mat, fallegum gjöfum og gefandi samverustundum. Ljós og skreytingar gleðja augað og óskir sumra um jólasnjó sem birtugjafa í svartasta skammdeginu rættust með hveli.

Ekki sjá þó allir jarðarbúar fram á gleði- og friðarjól. Viða geisa átök. Hörmulegar fréttir berast daglega af árasarstríði Rússa í Úkraínu, þjáningum fólks vegna þess og ekki síður vegna kerfisbundinnar eyðileggingar á innviðum á borð við vatns- og raforkukerfi.

Sjaldnar berast fréttir frá öðrum átakasvæðum eins og Jemen, Sómalíu, Eþíópíu og Afganistan, þar sem hungursneyð eykur enn á hörmungar almennings. Enn er barist í Sýrlandi og Kúrdar og Palestínnumenn heyja á hverjum degi baráttu fyrir tilverurétti sínum.

Því miður er þessi upptalning á ófriðarsvæðum og hörmungum ekki tæmandi.

Þjóðir heims sóa svimandi fjárhæðum í vopn á ári hverju. Vopn þessi eru síðar notuð til að murka lífið úr saklausu fólki. Kjarnorkuveldin eyða ógnvænlegum upphæðum í að uppfæra kjarnorkuvopnabúr sín og sífelld oftast heyrir nefndur möguleikinn á að beita slíkum vopnum í hernaði.

Á sama tíma hefur 91 ríki veraldar undirritað sáttmála Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum, þar af hafa 68 fullgilt hann. Í þeim friða flokki eru þó engin kjarnorkuveldi, ekkert NATO-ríki og ekki Ísland.

Frá árinu 1981 hafa íslenskir friðarsinnar komið saman á Þorláksmessu og krafist friðar í heiminum.

Ekkert fangar betur hinn sanna anda jólanna en að taka sér hvíld frá amstri og jólaundirbúningi og ganga saman fyrir kröfunni um frið. Sjáumst skammt fyrir neðan Hlemm klukkan 18 á Þorláksmessu, göngum saman niður Laugaveg á Austurvöll og hlustum á friðarhugvekju. ■



Ekki sjá þó allir jarðarbúar fram á gleði- og friðarjól.

22. OG 23. DES 9-18
24. DES 9-12
25. OG 26. LOKAÐ

7 SKT
TÚLÍPANAR
1.860,-

BLÓMAHEILDSALAN
Samasem
GRENSÁSVEGI 22

Í bóndabeygju

Af Kögunarhóli

Porsteinn Pálsson



Fyrir tveimur árum voru fluttar fréttir af því að íslenskir bændur fengu lægstu laun í Evrópu fyrir dýrasta kjöt álfunnar.

Þetta tvöfalda Evrópumet sagði talsverða sögu um nauðsyn umbreytinga.

Förystumenn bænda kölluðu þá og aftur nú á liðsinni stjórnvalda.

Tengsl

Í samráðsgátt stjórnvalda má lesa einu hugmyndina, sem fæddist við ríkisstjórnarborðið: Að afnema samkeppnisreglur í kjötframléiðslu og auka miðstýringu.

Á síðustu öld var þjóðarbúskapurinn smám saman leystur úr viðjum miðstýringar og hafta. Stærsta skrefið var stigið með inngöngu á innri markað Evrópusambandsins. Árangurinn sést í meiri verðmætisköpun, góðri afkomu fyrirtækja og bættum hagneytenda.

Landbúnaðurinn kaus að standa utan við þessa vegferð samfélagsins. Allir voru sammála um að umbera þá ósk. Nú horfum við á atvinnugrein í eins konar sjálfhældu. Kannski má segja að hún sé í bóndabeygju.

Það eru sterk tengsl milli stefnunnar og stöðunnar.

Næsta skref

Sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að taka samkeppnisreglur úr sambandi skiptir kannski ekki ein og sér öllu máli. Hún er bar eitt lítið skref í sömu átt og áður.

Hitt er meira undrunarefni að enginn þingmaður þriggja ólíkra ríkisstjórnarflokka skuli velta fyrir sér hugmyndafræði og sköpunarmætti athafnafrelsis og frjálsra viðskipta í þessu sambandi.

Þegar samkeppnisreglur hafa verið afnumdar gengur frjálshandmyndun ekki upp. Miðstýrð verðlagning er því óhjákvæmilegt næsta skref. Það er bara spurning um tíma.

Miðstýringin vindur alltaf upp á sig.

Eftir sem áður

Neytendasamtökin og Samkeppniseftirlitið hafa bent á að gildandi samkeppnisreglur heimila samvinnu og samruna fyrirtækja.

Í þessu tilviki þarf bara að sýna fram á að slík ráðstöfun styrki samningsstöðu bænda gagnvart fyrirtækjunum og bæti hagneytenda. Vinnslufyrirtækin treysta sér ekki til þess.

Jafnvel þótt horft sé fram hjá hagsmunum neytenda styrkir þessi aðgerð ekki einu sinni stöðu bænda. Þetta er því ekki lausn á vanda landbúnaðarins. Eftir sem áður mun draga í sundur með honum og öðrum atvinnugreinum.

Mismunurinn

Með miðstýrðum tíu ára opinberum framléiðsluáætlunum, sem kallast búvörusamningar, hefur tekist að fækka bændum verulega. Það hefur leitt til aukinnar framléiðni. Það má kalla árangur. En samt breikkar alltaf bilið milli landbúnaðar og annarra atvinnugreina og kjör bænda versna í

samanburði við aðra.

Sjávarútvegurinn var líka miðstýrð atvinnugrein, sem rekin var á opinberu fiskverði eftir reiknilíkani sem kallaðist núllstefna. Fyrirtækin þraukuðu svo á reglubundnum bjargráðum stjórnvalda.

Síðustu þrjú áratugi hefur sjávarútvegurinn aftur á móti starfað á grundvelli markaðslögmála að mestu. Fyrirtækjum hefur fækkað og framleiðnin stenst heimssamanburð. Þegar spurt er um afkomu kemst enginn með tærnar þar sem sjávarútvegurinn hefur hælana.

Þetta er munurinn á miðstýringu og frjálsum markaðsbúskap.

Þessi mikla umbreyting í sjávarútvegi varð ekki án fórnar. Á landsbyggðinni heyrast þó aðeins hjáróma raddir um að snúa til baka.

Blindgata

En þá segja einhverjir að ólíku sé saman að jafna því að sjávarútvegurinn selji afurðir sínar á heimsmarkaði. Þetta er kórrétt.

Klípan er þessi: Bændur eru orðnir svo fáir að áframhaldandi hagræðing með miðstýrðum tíu ára áætlunum um enn hraðari fækkun þeirra endar varla nema í blindgötu.

Án hagræðingar yrði blindgatan svo styttri.



Hitt er meira undrunarefni að enginn þingmaður þriggja ólíkra ríkisstjórnarflokka skuli velta fyrir sér hugmyndafræði og sköpunarmætti athafnafrelsis og frjálsra viðskipta í þessu sambandi.

Bjartsýni

Frá Landbúnaðarháskólanum berast hins vegar bjartsýnisraddir. Þar færa menn rök fyrir nýjum tækifærum og stóraukinni framléiðslu bæði í garðyrkju og kornrækt og jafnvel kjötframléiðslu.

Þessi bjartsýni krefst hins vegar umbreytinga. Nýsköpunin verður ekki hagkvæm nema með meira athafnafrelsi og aðgangi að stærri markaði.

Hún er því talsýn meðan engar aðrar hugmyndir koma upp á ríkisstjórnarborðið en opinber miðstýring, aftaka samkeppnisreglna og ríkari tollvernd.

Til að auka framléiðni eru bara tvær leiðir færar: Önnur er að hraða meir en áður miðstýrðri fækkun bænda. Hin er aukið athafnafrelsi og stærri markaður. Hvorug leiðin er þrautalaus.

Til þessa hefur leiðin skipt meira máli en takmarkið. Þeirri hugsun þarf að snúa við. Landbúnaðurinn getur aftur orðið lyftistöng fyrir landsbyggðina, en tæplega að óbreyttri stefnu. Umbreytingar krefjast langs aðlögunartíma. Tími nýrrar hugsunar er því runninn upp. ■


Hnífaburður gerður útlægur



Eyþór Víðisson
löggæslu- og öryggisfræðingur

Það þarf ekki að ræða frekar að hnífaburður er orðið vandamál hér landi. Að bera hníf ógnar öryggi barna okkar, ungmenna, lögreglu og almennings. Hvað ef 27 vopnaðir einstaklingar ákveða að ráðast inn í menntaskóla í næstu viku?

Heildarlausan vandans er fjölþætt, flókin og tekur langan tíma; áralangt samtal við jadarsetta hópa, fræðsla til framtíðar um samfélagsleg gildi, aukin menntun almennt, minna brottfall drengja úr skólakerfinu og eftirfylgd við þá sem virðast skilja við hefðbundna samfélagsgerð og margt fleira. Þetta skiptir allt máli en verður ekki fjallað um slíkt í þessum pistli. Hér er skal rætt um skyndilausn á bráðum vanda. Við þurfum að taka hnífa af götunum og ég legg til eftirfarandi:



Samfélagssáttmáli um að hnífaburður sé algerlega óásættanlegur; ríkisstjórn, samband sveitarfélaga, skólar, samtök af öllu tagi og fleiri taka sig saman við að stöðva þessa þróun.

Aukin fræðsla í skólum fyrir alla árganga. Alvarleiki hnífaburðar verður gerður börnum og ungmennum ljós í landsátaki sem Landlæknir stýrir enda um

lyðheilsuáttmáli að ræða. Þegar barn eða ungmenni kemur með hníf eða eggvopn í skóla eða á skólalóð er lögregla alltaf kölluð til ásamt Barnavernd. Engar undantekningar.

Við endurskoðun vopnalaga núna í vetur verða fleiri tegundir egg- og stunguvopna skilgreindar sem vopn; netahnífar, hnífar til netfæragerðar, verkfæraaxir, stunguverkfæri ýmiss konar, eggahöld o.s.frv. verða sett undir vopnalög. Ákvæði í vopnalögum: „Bannað er að...hafa í vörslum sínum...bitvopn ef blaðið er lengra en 12 sm.“ – Þetta ákvæði verður tekið út. Allur burður utan vinnu er stranglega bannaður.

Höfundur er það vel ljóst að það má skaða annan með nánast hverju sem er; skæri, brotna flösku, nál og margt, margt fleira má nota sem vopn. Það er ekki verið að tala um að banna skæri því vopn eru hönnuð til þess eins að skaða aðra og því er gott að byrja á að reyna að losna við þau úr samfélagi okkar. Borðum filinn í bitum, en ekki í heilu lagi.

Við sömu endurskoðun vopnalaga verður stunguvopna- og hnífaburður meira eða minna bannaður með öllu. Undanþágur byggja aðeins á sýnilegri þörf, þegar þarf slík tól til vinnu s.s. iðnaðarmenn, netagerðarmenn o.s.frv. Þeir sem eru uppvisir að hnífaburði þurfa að sýna fram á þörf fyrir slík verkfæri. Veðiðhnífar falla undir „bannað ef ekki er hægt að sýna fram á þörf“.

Öll sala hnífa annarra en verkfæra og eldhúsáhalda verður bönnuð. Allur hnífaburður „í margmenni“ á milli kl. 18:00 og 07:00 er bannaður með öllu og viðurlög verða gerð „fáranlega“ ströng s.s. 700.000



Þeir sem eru uppvisir að hnífaburði þurfa að sýna fram á þörf fyrir slík verkfæri. Veðiðhnífar falla undir „bannað ef ekki er hægt að sýna fram á þörf“.

kr. í fyrstu sekt og skilorðsbundið fangelsi fyrir annað brot. Nóg þykir að viðkomandi var með eggvopnið á sér en ógnaði ekki með því.

Ef einhver sveiflar slíku vopni til að ógna öðrum skal sá sami dæmdur í skilorðsbundið fangelsi og þarf að sæta samfélagsþjónustu í kjölfarið. Það að bera stungu- eða eggvopn þegar eitthvert annað brot er framið, þvingir dóm sjálfkrafa.

Þetta er ekki tæmandi listi, langt í frá. Hnífaburði verður tæplegast eytt með öllu, enda slíkt erfitt. En við getum ekki horft upp á þessa þróun án þess að reyna okkar besta.

Athugasemd höfundar: Öll þið sem aðhyllist „Hvaðefisma“ (Hvað með uppeldið? Hvað með þarfir ungmenna? Hvað með vopnavæðingu Vesturlanda í sögulegu samhengi? o.s.frv.) eruð beðin um að anda ofan í lykilorðin. Höfundur veit að þetta leysir ekki önnur samfélagsleg vandamál sem við þurfum alltaf að vera að vinna í. Þetta er römmuð hugmynd til skamms tíma litid en staðreyndin er sú að við þurfum að bregðast við skjótt og við þurfum að gera það sem ein heild. ■



Opnunartímar Kirkjugarða Reykjavíkur

Kirkjugarðar í Reykjavík og Kópavogi verða opnir og aðgengilegir allan sólarhringinn yfir hátíðirnar.

Fossvogsgarður verður þó lokaður allri bílaumferð í 3 klukkustundir á aðfangadag milli kl. 11 og 14 vegna mikils fjölda gangandi í garðinum.

Á Þorláksmessu og á aðfangadag verður hringakstur í Gufuneskirkjugarði og verður þá eingöngu hægt að aka inn í garðinn frá Hallsvegi og út úr honum að norðan inn á Borgaveg eins og verið hefur undanfarin ár.

Starfsfólk KGRP

Sjá nánar á www.kirkjugardar.is

Munum vistvænar skreytingar



Allt fyrir einstaka og ógleymanlega hátíðarstund

HAGKAUP



Rjúpa 375 g

999 kr/stk



Gæsabringur

5.499 kr/kg



Krónhjartar file
900 g

9.799 kr/pk



Hreindýralundir

11.999 kr/kg



Peking önd
2,4 kg

3.999 kr/stk



Andabringa
250 g

1.299 kr/stk



HAGKAUP

Hagkaups hamborgarhryggur

Sérvalinn af fagmönnum til að tryggja hámarks gæði. Hryggurinn er léttsaltaður og léttreyktur sem skilar sér í einfaldari eldun. Hrygginn þarf því ekki að forsjóða heldur einungis að elda í ofni.

Sérvalinn úr
1. flokks hráefni

SALTMINNI
þarf ekki að sjóða.
Aðeins 90 mínútur
í ofni



Hagkaups hangikjöt

Tað- og birkireykt fyrsta flokks íslenskt lambakjöt. Í hangikjötið er notað 45% minna salt en notað er við hefðbundna hangikjötsframleiðslu. Engu að síður hefur tekist að framleiða hangikjöt með sama bragði.



Smjörspautað kalkúnaskip

Í rúman áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörspautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

Merkisatburðir

- 1897** Stundarklukkan er sett upp í turni Dómkirkjunnar í Reykjavík. Klukkan er gjöf frá Thomsen kaupmanni.
- 1919** Dómar eru kveðnir upp í Landsýfirrétti í síðasta sinn.
- 1945** Ný Ölfusárbrú er tekin í notkun.
- 1947** Stjórnarskrá Ítalíu er samþykkt af stjórnlagabæinginu.
- 1978** Bandaríski raðmorðinginn John Wayne Gacy er handtekinn í Chicago.
- 1987** Ný lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík er staðfest. Hún kemur í stað samþykktar sem gilt hafði í meira en hálfa öld.



Föðurbróðir minn og frændi okkar,
Gylfi Marinó Gardarsson
frá Uppsölum í Eyjafjarðarsveit,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð Akureyri mánudaginn 12. desember. Útförin fer fram fimmtudaginn 29. desember kl. 13.00 í Akureyrarkirkju.

Hafdis Pálsdóttir **Ragnar Kr. Guðjónsson**
Guðjón Freyr Ragnarsson
Sandra Sif Ragnarsdóttir **Andri Bollason**
Hákon Heiðar Ragnarsson **Aníta Ársól Torfadóttir**



Ragnar er mikill hestamaður og stefnir á að ríða út strax þegar hátiðunum lýkur.
MYND/ABSEND

Sloppinn við sloppinn

Ragnar Danielsen skilur sáttur við læknisstarfið og er með áform langt fram í tímann hvað varðar tónlist, skíði og hestamennsku.

arnartomas@frettabladid.is

„Ég var að skrifa undir síðustu vottorð og pappíra og svo kiki ég hingað eitt-hvað eftir áramótin, en ég mun ekki sjá fleiri sjúklinga,“ segir Ragnar Danielsen hjartalækni sem lýkur störfum á næstu dögum. Ragnar útskrifaðist úr læknaeildinni 1977 en var þó farinn að vinna sem læknir fyrir þann tíma.

„Ef maður telur allan ferilinn þá slagar þetta með náminu í hálfa öld og læknisstörf í rúmlega fjórutíu ár,“ segir Ragnar. „Ég er alveg sáttur. Einhvern tímann verður maður að hætta og ég valdi þennan tímapunkt á meðan ég get gert það með góðri samvisku. Við höldum að það myndu ekki koma nýir læknar heim til að taka á móti sjúklingunum en það leystist og það verður hægt að koma þeim fyrir hjá nýjum læknum.“

Ferlar tvinnast saman

Ferill Ragnars sem tónlistarmanns teygir sig þó enn lengra aftur en hann

var meðal annars hluti af upprunalegri skipan Stuðmanna í MH, hinum síðarnefndu Frummönnum. Hann hefur síðan þá haldið tónlistinni áfram sem tólmstundargamni og vonast til að sér gefist meiri tími í það nú þegar hann er sloppinn við sloppinn.

„Ég hef tekið upp þrjár plötur að gamni mínu – aðallega fyrir mig og mína vini,“ segir hann. „Svo hef ég tekið upp ábreiður og frumsamíð efni og sett á YouTube. Þegar það er komið þangað nenni ég ekki að hlusta á það lengur. Ég var að rúlla yfir lagaskissur í gærkvöldi og athuga hvort ég ætti eitthvað eftir af ókláruðum hugmyndum, kannski maður ætti að láta eitthvað verða af því.“

Heimur hjartalækninga og tónlistarinnar tvinnadist svo saman hjá Ragnari þegar hann spilaði með Taktleysu, hljómsveit sem var eingöngu skipuð hjartalæknum.

Breyttir tímar

„Þetta var hljómsveit sem hjartalækna voru með um tíma. Við skemmtum aðallega á árshátíðum, þorrablótum og þess háttar,“ segir hann. „Það var gripið í þetta þegar það voru lausar stundir. Nafnið var afbökun á „beatless“. Sá sem kom upp með nafnið var sérfræðingur

í hjartsláttaröreglu svo það var honum nærtækast að koma með nafnið.“

Þá er stóra spurningin til Ragnars hvort hafi tekið stærri breytingum á þessum tíma, hjartalækningar eða tónlistarsenan?

„Ef maður tekur fyrir læknisfræðina þá hættir hún náttúrulega aldrei að þróast. Það er rosaleg vinna fyrir lækna og heilbrigðisstarfsfólk að fylgjast vel með tækniþróunum og nýjum lyfjum,“ svarar hann og segir tónlistina á sama báti. „Í gamla daga var hægt fá allt sem hét nýtt í tónlist með því að fara niður Laugavegin og skoða vinsældalista vikunnar í Fálkanum en í dag er magnið orðið svo gríðarlegt og stafræn tækni hefur breytt upptökuferlinum. Svo er gaman að sjá hvað tónlistarskólar á Íslandi skila tónlistarfólki sem er svo gott svo snemma. Þessir krakkar eru búnir að læra músík og orðnir vel spilandi svo ungir í dag.“

Þá er Ragnar er líka mikill skíða- og hestamaður.

„Ég er kominn með plön um hestaféðir langt fram á sumar,“ segir hann. „Ég mun taka hestana á hús strax í janúar og byrja að ríða út. Svo höfum við gamlir skólafélagar úr MH gert það á hverju ári að fara saman á skíði. Við skíðum á meðan við stöndum í lappirnar.“ ■



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þórunn Brynjólfssdóttir

Hrafnistu við Brúnaveg, áður Árskógum 6, Reykjavík,

lést á heimili sínu 19. desember.

Útför hennar verður frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 28. desember klukkan 13.

Guðrún Gísladóttir

Sigurður Reynir Gíslason **Málfriður Klara Kristiansen**
Áslaug Gísladóttir **Þórður Kr. Jóhannesson**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

María Úlfheiður Úlfarsdóttir

Ölduslóð 47, Hafnarfirði,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu

Fossheimum á Selfossi,

sunnudaginn 18. desember.

Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 30. desember kl. 10.00.

Magnús Waage
Ingimar Ólafsson Waage

Friða Ágústsdóttir
Aðalheiður Matthíasdóttir
barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Jón Reynir Eyjólfsson
skipstjóri,

lést á Landspítalanum mánudaginn 5. desember. Hann var kvaddur í kyrrþey með ástvinum sínum.

Jóna Ingibjörg Jónsdóttir **Þórir Jóhannsson**
Elfa Björk Jónsdóttir **Gylfi Kristinn Sigurgeirsson**
Eydís Puriður Jónsdóttir **Julian Mark Williams**
Guðrún Halldóra Jónsdóttir **og afabörn**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristinn Björgvin Sigurðsson

prentari,

Skólabraut 5, Seltjarnarnesi,

lést á Landakotsspítala

mánudaginn 19. desember.

Útför hans fer fram frá Seltjarnarneskirkju miðvikudaginn 28. desember kl. 13.

Gylfi Kristinsson
Hilmar Kristinsson
Snorri Kristinsson

Jónína Vala Kristinsdóttir
Margrét Hauksdóttir
Kristjana Jósefa Kristjánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

Gunnar I. Waage

Sléttuvegi 27,

Reykjavík,

lést þann 18. desember síðastliðinn.

Útför hans fer fram frá Laugarneskirkju miðvikudaginn 28. desember klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vildu minnst Gunnars er bent á að láta líknarstofnanir njóta þess.

Benedikt G. Waage
Davíð G. Waage

Alexander, Ísabella, Emma Björk
Ólöf Erla I. Waage

Ólöf Björnsdóttir
Carolina Castillo



Ástkær móðir, tengdamóðir og amma,

Helga Árnadóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 8. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Árni Björn Valdimarsson
Ólafur Kristján Valdimarsson
Vífill Valdimarsson
Sindri Valdimarsson
Kristín Þórdís Valdimarsdóttir
tengdabörn og barnabörn

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is



Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyrningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 22. desember 2022



Það er um að gera að nota jóla-pappírinn aftur að ári. MYND/GETTY

Endurnýtum pappír fyrir gjafir

gummi@frettabladid.is

Það eru til nokkur góð ráð fyrir þá sem eru að fara að pakka inn jólagjöfum en eflaust eru margir í þeim sporum í dag. Það er um að gera að nota það sem til er á heimilinu, eins og til dæmis teikningar og málverk barna, plaköt, tímarita-pappír og dagblaðapappír.

Maskínupappír er líka góð leið til að nota við að pakka inn jólagjöfunum sem og bréfpokarnir sem eiga það til að safnast upp á heimilinu eftir allar búðarferðirnar. Það er hægt búa til fallett jólaföndur á þá með því að mála á pokana.

Notaðar gjafir líka góðar

Það er líka um að gera að ganga vel frá pappírnum sem gjafirnar okkar voru í og nota hann til pakka inn gjöfum um næstu jól.

Þeir sem eru flinkir að sauma gætu útbúið poka sem hægt er að skella utan um gjöfina og þá er hægt að nálgast jólatextil í nytjarmörkuðum landsins og nýta hann sem fjölnota jólagjafapappír.

Notaðar gjafir eru líka góðar gjafir og það á ekki sist við um gjafir til barna. Þau eru ekki að hugsa um umbúðir, skilamiða eða veromiða svo það er vel til þess fallið að leyfa heilum leikföngum og bókum að finna sér ný heimili um jólin. ■

HEIMILD: UMHVERFISSTOFNUN

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

HEILAPOKA?

AUKIN ORKA
OG FÓKUSFæst í helstu apótekum - www.celsus.is

Það getur tekið heilan dag að setja upp fyrir svona myndatöku. Mikilvægt er að passa alla litla hluti. „Þetta liggur allt saman í smáatriðunum,“ segir Tinna. Krambúðin er hin jólalegasta og rauði jólaliturinn er í forgrunni.

MYNDIR /AÐSENDAR

Jólabörn í leikfangalandi

Þegar jólin nálgast bregða vinkonurnar Tinna Björt Guðjónsdóttir og Telma Haraldsdóttir á leik og stilla upp jólapema fyrir framan linsuna og útbúa sannkallað jólaland. **2**



Þemað í ár voru gömlu jólin, tindátinn á myndinni er jólagjöf sem móðir Tinnu fékk árið 1958.

sjofn@frettabladid.is

Þær Tinna og Telma vita fátt skemmtilegra en að stíliseru og klæða sig upp fyrir framan linsuna og taka gamaldags jólamyndir. Þær þaulhuga hvert smáatriði og leggja mikið upp úr allri umgjörð.

Hver er forsagan að því að þið byrjuðuð að gera svona myndaseríu?

„Þetta eiginlega byrjaði í Covid. Allir voru að finna sér skemmtileg áhugamál og við báðar höfðum mikinn áhuga á ljósmyndum og ákváðum bara að henda okkur í þetta. Þetta hefur síðan þróast í gegnum árin. Okkur finnst líka gaman að setja upp skemmtilegt umhverfi með myndunum þannig að í dag er þetta orðið eitt stórt verkefni,“ segir Tinna.

Er þessi myndataka fyrir jólamyndaseríu orðin að hefð?

„Já, svo sannarlega. Við reynum alltaf að gera eitthvað nýtt og þínu öðruvísi. Við vanalega förum í undirbúningsvinnu áður. Þá ákveðum við þemað, búninga, leikmuni og annað sem til þarf. Jólin eru líka svo æðislegur tími og jólabarnið í okkur blómstrar á þessum árstíma. Þetta er orðið partur af jólahefðinni hjá okkur. Verðum örugglega enn að þessu eftir 30 ár,“ segja þær í kór og brosa.

Gömul leikföng frá Hernámssetrinu að Hlöðum
Hvert er jólaþemað í ár?

„Jólaþemað í ár eru gömlu jólin. Við fengum lánuð falleg gömul leikföng frá Hernámssetrinu að Hlöðum og síðan pöntuðum við hnetubrjótshatta á netinu. Þannig að við erum alveg að blanda saman



Tinna og Telma fengu lánuð þessi fallegu leikföng á Hernámssetrinu að Hlöðum sem minna á gamla tímann. Hér er Telma búin að stilla sér upp með leikföngunum í hlutverki hnetubrjótisins.

Við fáum innblásturinn frá mörgum stöðum eins og í bíómyndum, auglýsingum, gömlum ljósmyndum og málverkum.

Tinna Björt

gömlu og nýju. Síðan reynum við að hafa myndirnar skemmtilegar og lifandi.“

Aðspurðar segjast þær fá innblásturinn víða, sjálfar eru þær mikil jólabörn og sjá fegurðina og gleðina í jölunum. „Við fáum innblásturinn frá mörgum stöðum eins og í bíómyndum, auglýsingum, gömlum ljósmyndum og málverkum. Eins og í fyrra endurgerðum við ljósmyndir og málverk fyrir adventuþemað okkar. Held

við höfum aldrei hlegið jafn mikið eins og við það verkefni. Það sem okkur dettur í hug í þessum myndatökum er óútreiknanlegt,“ segir Tinna og hlær.

„Ef fólk vill skoða þetta listaverk getur það skoðað Instagram-síðurnar okkar en þar birtum við allar myndaseríurnar okkar,“ segir Telma.

„Okkur finnst þetta skemmtilegt áhugamál. En við erum í raun að taka mismunandi þema allt

árið um kring. Við vorum meira að segja einu sinni svo heppnar að fá lánaðan fornbíl og í sumar breyttum við matsalnum á Hlöðum í ítalskt veitingahús,“ segir Tinna og veit fátt skemmtilegra en að útbúa eins konar leikmyndir fyrir myndatökur eins og þessar. ■

Hægt er að fylgjast með þeim Tinnu og Telmu á Instagram-reikningi þeirra @tinnabg og @telmahar.



Hér eru þær báðar í hlutverki hnetubrjótisins.

MYNDIR/ÞSENDAR



Stelpurnar sjá sjálfar um uppsetningu, búninga, förðun og að stilla ljósum og myndabúnaði upp.

Léttari liðir

Undraefni fyrir liði brjósk og bein
Einstök virkni sæbjúnaextrakts úr íslensku hafi

partur af lífinu

VERNDAR LIÐI, BEIN OG BRJÓSK

120 hylki

www.protis.is

NORDIC NUTRITION ● PROTIS

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:
Torg ehf
Ábyrgðarmaður:
Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Guðmundur Hilmarsson, gummih@frettabladid.is, s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyri Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn:
Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652,
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654,
Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Guðspjónustur

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 22. desember 2022



Séra Helga Soffía Konráðsdóttir þjónar fyrir altari á aðfangadagskvöld í Háteigskirkju. Hún segir aftansöng vera ákaflega hátíðlega stund og þrunga raunverulegri gleði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Leyfum Jesúbarninu að vinna sitt verk

Helga Soffía Konráðsdóttir, sóknarprestur í Háteigskirkju og prófastur í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, segir jólin tilvalinn tíma til að skoða sjálfan sig og opna hjartað fyrir fallegum kærleiksboðskap litla Jesúbarnsins. **2**

thordisg@frettabladid.is

„Hann pabbi var ekkert sérstaklega mikill trúmaður. Hann var frekar leitandi, maður skynseminnar og virkilega klár kaupmaður. Mamma var hins vegar komin af prestum og virti trúna, síði hennar og venjur út í ystu æsar. Ég var því alin upp við venjulegan, íslenskan alþýðukristindóm þar sem partur af daglegum veruleika var að signa sig og fara með bænirnar,“ segir Helga Soffía Konráðsdóttir, sóknarprestur í Háteigskirkju og prófastur í Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra.

Hún er mikil áhugamanneskja um trú og trúmál.

„Ég hugsa oft hvort það hafði áhrif að vera alin upp af foreldrum þar sem annað var trúað en hitt ekki. Mér er minnisstætt þegar ég var á leið í munnlegt próf í latínu í MR. Ég gerði miklar kröfur til sjálftrar mín og vildi helst fá tíu. Fyrir bragðið var ég afar stressuð og það fór ekki fram hjá pabba. Þar sem ég sat við lesturinn sá ég litlu umslagi rennt undir hurðina. Í umslaginu var kort og á kortinu stóð: „Mundu bara, Helga mín, að gera það sem þú kannt. Það er að biðja. Þinn pabbi.“ Þetta fannst mér vera hans trú og á hans hátt. Hann minnti unglinginn sinn á það sem skipti mig máli, jafnvel þótt hann væri ekki trúmaður sjálfur,“ segir Helga Soffía, snortin af minningunni.

Vitnisburður um mikla trú

Það var ekki efst á óskalista föður Helgu Soffíu að hún lærði til prests; frekar vildi hann að hún tæki við verslun sinni, íþróttavörusluninni Hellas á Skólavörðustíg. „En það vildi ég ekki og fór að lesa guðfræði við Háskóla Íslands. Seinnna, þegar pabbi var orðinn mikið veikur og barðist við krabba-mein, bað hann mig um að biðja fyrir sér.“

Það reynum við oft sem erum trúuð, og allir vita að prestar eru trúaðir, að fólk kemur og spyr: „Viltu biðja fyrir mér?“ Mér þykir það alltaf jafn fallegt, að vera treyst fyrir því að biðja fyrir heilsu, lækningu og lífi, og að fólk sem segir um sjálf sig að það trú lítid, harla lítid, tæplega eða jafnvel ekki neitt, og lýsir því yfir eins og hverjum öðrum sannindum að það trúi ekki, geti samt komið seinna og sagt: „Viltu biðja fyrir barninu mínu?“ Ef það er ekki trú, þá veit ég ekki hvað trú er,“ segir Helga Soffía og bætir við: „Ef sá sem segist ekki trúaður en tekur upp hjá sjálfum sér að tala við manneskju og biðja hana um að minnast barnsins síns í bæn, þá þykir mér það vera vitnisburður um mjög mikla trú. Því þegar manneskja er komin í þrot þá stigur þessi bæn frá hjarta hennar og það ber vitni um afstöðu hennar til trúarinnar.“

Guð er í öllum trúarbrögðum

Eftir að hafa lokið fimm ára guðfræðinámi hélt Helga Soffía til Svíþjóðar þar sem hún nam trúarbragðafræði við Uppsala-háskóla.

„Sem mikil áhugamanneskja um trú hef ég líka áhuga á trúleysi og jafnvel vantrú. Það fylgir með pakkanum. Innan trúarbragðafræði er grein sem heitir trúarbragðasamanburðarfræði. Þar vildi ég finna þemu innan trúarbragða og kom í ljós að hinn trúaði, í öllum trúarbrögðum, er meðvitadur um að það er eitthvað fyrir ofan hann eða utan sem hann kann ekki alls kostar skýringar á, en reidir sig á og treystir, og heitir Guð. Síðan taka trúarbrögðin við og útskýra þetta hvert á sinn hátt, en í trú er manlegt, allsherjar element sem á við allt fólk, alls staðar í heiminum. Á byggðu bóli finnst ekki samfélag þar sem ekki er trú eða trúarbrögð, nema ef vera skyldi núna, í hinum gamla, kristna og vestræna heimi,



” Ef sá sem segist ekki trúaður en tekur upp hjá sjálfum sér að tala við aðra manneskju og biðja hana um að minnast barnsins síns í bæn, þá þykir mér það vera vitnisburður um mjög mikla trú.

því í gömlu Evrópu og Bandaríkjunum Norður-Ameríku er allt í einu eitthvað sem heitir engin trú, eða agnostic-ismi, sem er að trúa ekki á neitt og vilja ekki gera neitt nema það sem er hér og nú,“ útskýrir Helga Soffía.

Hvað er að vera manneskja?

Helga Soffía hefur verið starfandi prestur í 37 ár, þar af í Háteigskirkju í tæp þrjátíu ár.

„Ég er stolt af því að vera kristinnar trúar og finn gríðarmikla lífsfyllingu fölgna í því að fá að þjóna sem prestur í öllum aðstæðum lífsins hjá fólki. Ég er þakklát fyrir að það banki á dyrnar og leiti þjónustu prests á ögurstundum lífs þess, þegar gleðin er við völd og sorgin knýr dyra. Það eru einstök forréttindi og eftir því sem ég eldist í starfi verður það mér æ þýðingarmeira,“ segir Helga Soffía.

Hún hefur mikinn áhuga á mannfólkinu.

„Ef við horfum á reykviskan veruleika nú hitti ég gjarnan ungt fólk sem er að hasla sér völl í lífinu. Það kemur til mín með frumburð sinn og annað segir: „Ég vil skíra

barnið, en hann ekki. Hvað eigum við að gera?“ Það er ný staða hjá okkur prestum að ræða þetta og áhugavert, í góðri merkingu, að unga fólkið flýtur ekki sofandi að feigðarósi heldur veltir fyrir sér sið og trú og hvort það eigi eða eigi ekki.“

Það að vera manneskja sé það stórkostlegasta sem hægt er að myndast sér og ekki sist í samhengi við alheiminn.

„En hvað er að vera manneskja?“ spyr Helga Soffía. „Snýst það bara um það sem ég geri ein í lífinu? Nei. Það snýst um að hitta aðrar manneskjur og bindast böndum við annað fólk, heima, í vinnunni, nágrenninu og áhugamálunum: og öll þau mörgu og spennandi úrlausnarefni sem við tökumst á við í lífinu. Við þurfum að muna hvað lífið er dýrmætt og hvað skiptir máli í samfélagi og samskiptum fólks. Þar skiptir trúin miklu máli í raun og veru. Ekki bara það að segja: „Ég trú á Guð,“ eða: „Mér þykir svo gott að trúa því, það er svo gott fyrir minn innri mann.“ Það snýst líka um það sem einkennir samskipti okkar í samfélagi manna og þar viljum við hafa kærleika, sanngirni, hjálpssemi, réttlæti og allt þetta góða í öndvegi; einmitt það sem trúin setur á oddinn og hefur kennt okkur,“ segir Helga Soffía.

Hún tekur fram að sá sem ekki trúir geti líka verið kærleiksrikur, sanngjarn og réttlatur.

„En trúin vill að þessi gildi séu stunduð og ríkjandi í mannlegum samskiptum. Þess vegna höfum við í kirkjunni áhyggjur af því að litil börn missi af tækifærinu til að hlusta á hið góða, fagra og fullkomna í kristinni trú. Við höfum áhyggjur af því að þau fái ekki rætur né þekki það sem til af

Helga Soffía segir Jesú minna okkur á að vera eins og barn um jólin, að opna hjörtu okkar og óhrædd við að elska og vera elskuð.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

” Ef hjarta þitt er tómt skaltu leggja litla Jesúbarnið inn í það tómt, rétt eins og þú leggur nýfætt barn í tóma vögg, og leyfa því að vinna sitt verk í þínu hjarta.

og við finnum að við þurfum að vera það. Við opnum hjartað með því að verða eins og litlu börnin sem eru bara æðislega kát og segja það sem þeim býr í brjósti, og þetta með trúna vefst ekki fyrir litlum börnum. Það er Jesús sem minnir okkur á að vera eins og barnið, að opna hjörtu okkar og vera óhrædd við að elska og vera elskuð. Þetta segja jólin okkur.“

Eftir því sem árin færast yfir segist Helga Soffía verða æ meira eins og lítið barn á jólum.

„Ég þarf ekki eins mikið og þegar ég var þritug eða fertug og með aldrinum greinir maður kjarnann frá hisminu og verður passasamur um þann kjarna, leitar rósemdar og friðar og forðast ærustu, kapphlaup, deilur og æsing. Að vera í sátt við allt fólk og hlýr í viðmóti því eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt. Allt þetta örsmáa sem gerir svo mikið fyrir annað fólk, eitt hlýlegt orð, kveðja eða upphringing. Sjálf hef ég glímt við veikindi og veit að þegar maður er smár og ósjálfbjarga finnur maður hvað litlu hlutirnir, eins og fuglasöngur eða eitthvað fallegt sem augað nemur verður svo stórt og þýðingarmikið. En ef við höfum allt of mikið að gera lífsins og það verður sérstaklega sárt þegar um börnin okkar og barnabörn er að ræða: þegar við gefum okkur ekki tíma til að njóta samverunnar því samskipti við fólk er það sem skiptir okkur mestu máli.“

Jesúbarnið lagt í tómt hjarta

Í Háteigskirkju verður aftansöngur á aðfangadagskvöld, jólamessa á jóladag og fjölskylduguðspjónusta á annan dag jóla. Séra Helga Soffía þjónar til altaris á aðfangadagskvöld, annan í jólum og á gamlárslag.

„Mér þykir aftansöngurinn alveg sérstaklega hátíðlegur, og að fá sungið Heims um ból með börnum og lesa jólaguðspjallið er þrungin raunverulegri gleði. Það er óumræðilega gefandi að kveðja kirkjugesti með handabandi eftir aftansönginn, þar sem allir eru prúðbúnir og eftirvæntingarfullir fyrir aðfangadagskvöldi; fólk sem ég hef skírt, fermt og gift, og kemur nú með börn sín í jólamessu. Það gleður okkur líka einstaklega að fólk skili sér nú aftur í kirkjurnar eftir að hafa þurft að loka þeim í tvö ár í heimsfaraldrinum. Kirkjusókn hefur verið góð á adventunni og fullar kirkjur úti um allt,“ segir Helga Soffía og hvetur sem flesta til að koma í kirkju á jólum.

„Þá skiptir engu hvort fólk er trúað eða ekki því allir geta notið kyrrðarinnar, söngsins og fegurðar jóla. Jólin eru svo upplagður tími til að skoða sjálfan sig. Að dvelja við minningar um æskujólin, hvenær maður var hamingjusamastur, hvað olli sárindum og hvað maður vill hafa öðruvísi. Að þora að opna hjarta sitt, og ef hjarta þitt er tómt skaltu leggja litla Jesúbarnið inn í það tómt, rétt eins og þú leggur nýfætt barn í tóma vögg, og leyfa því að vinna sitt verk í þínu hjarta.“ ■

Söfnuðir Reykjavíkurprófastsdæmis vestra

Við óskum ykkur og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýárs og bjóðum ykkur hjartanlega velkomin í kirkjurnar yfir hátíðarnar.

Sjá nánari upplýsingar í dagblöðum, á heimasíðum kirknanna og á samfélagsmiðlum.

Prestar, starfsfólk og sóknarnefndir

Áskirkju, Bústaðakirkju, Dómkirkjunnar, Grensáskirkju, Hallgrímskirkju, Háteigskirkju, Langholtskirkju, Laugarneskirkju, Neskirkju, Seltjarnarneskirkju, Sérþjónustunnar og safnaða Íslendinga erlendis.



Hátíðardagskrá Árbæjarkirkju um jólin



24. desember kl. 18:00

Aftansöngur

Hannah Ó Connor trompet, Einar Clausen einsöngur.
Sr. Petrína Jóhannesdóttir þjónar fyrir altari og prédikar.
Organisti Krisztina K. Szklenár

Miðnæturmessu kl. 23:00

Matthias Birgir Nardeau obó,
Rósalind Gísladóttir einsöngur.
Sr. Þór Hauksson þjónar fyrir altari og prédikar.
Organisti Krisztina K. Szklenár

25. desember Jóladaður.

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00

Kór Árbæjarkirkju leiðir safnarsöng. Margrét Lára Einarsdóttir og Margrét Helga Kristjánsdóttir einsöngur. Organisti Kristina K. Szklenár.
Sr. Petrína Jóhannesdóttir þjónar fyrir altari og prédikar.
Organisti Krisztina K. Szklenár

31. desember Gamlársdagur

Hátíðarguðsþjónusta kl. 17.00

Kór Árbæjarkirkju syngur. Organisti Guðmundu Ómar Óskarsson
sr. Þór Haukssonar þjónar fyrir altari og prédikar.

1. janúar 2023 Guðsþjónusta kl. 14.00

Kór Árbæjarkirkju syngur. Organisti Guðmundu Ómar Óskarsson
sr. Þór Haukssonar þjónar fyrir altari og prédikar.

Kirkjuklukkur hringja jólin inn

Kirkjuklukkur landsins hringja jólin inn klukkan sex á aðfangadagskvöld. Síðastliðin tvö ár hefur fólk haft takmarkaðan aðgang að kirkjunum sínum yfir jólin vegna samkomutakmarkana. Nú getur fólk hins vegar sótt fjölbreytta dagskrá í helgihaldi um allt land.

„Rík hefd er viðhöfð á fjölmörgum heimilum landsmanna, að fara til kirkju yfir hátíðirnar. Fólk fer í sín finustu fót og safnast saman í kirkjunum til þess að upplifa hátíðlega stund hvert með öðru, hlusta á falleg og uppbyggjandi orð og tónlist,“ segir Pétur G. Markan, biskupsritari á Biskupsstofu.

„Mörgum finnst jólin ekki vera komin fyrr en gengið hefur verið til jólamessu. Þessi hefd er falleg og býður fólki upp á hátíðleika, ró og frið eftir allan ysinn og þysinn á adventunni. Það að ganga inn í kirkju, hlusta á ljúfa tónlist og sameinast um kærleiksboðskap jóla er góð leið til að eiga saman gæðastund, það færir helgi yfir og friður fyllir hjörtun. Það er því sérstakt fagnadarefni að mega nú aftur koma saman í kirkjum yfir hátíðirnar.“

Yfir hátíðirnar er boðið upp á fjölbreytt helgihald í öllum kirkjum landsins. Á aðfangadagskvöld er aftansöngur klukkan 18 frá Dómkirkjunni í útvarpi landsmanna og víða er einnig boðið upp á miðnæturmessur. Á jóladaður og annan dag jóla eru hátíðarguðsþjónustur. Á jóladaður verður hátíðarguðsþjónustunni, sem verður frá Grafarvogskirkju, bæði útvarpað og sjónvarpað á RÚV.

Kirkjukórar leggja ríkan metnað í kórastarf sitt og fyrir jólin hefur



Dómkirkjan í Reykjavík. Á aðfangadagskvöld er aftansöngur klukkan 18 í Dómkirkjunni sem verður útvarpað til landsmanna.



Pétur G. Markan biskupsritari segir að hátíðarhöld í kirkjum landsins verði fjölbreytt í ár.

verið æft af kappi og munu því falleg tónverkum óma í kirkjum um allt land. Fjölbreytilegur hópur tónlistarfólks leggur sitt af mörkum til að skapa hátíðlega stund: Kirkjukórar, barnakórar,

gospelkórar, bjöllusveitir, sönghópar, organistar, einsöngvarar, hljóðfæraleikarar, svo dæmi séu tekin. Þessi ríka og djúpa hefd, sem meðal annars fær að blómstra á hátíðisdögum jóla, er ekki eingöngu viðhöfð hér á Íslandi heldur úti um alla Evrópu og hinn kristna heim. Hefðin sýnir hvað listin er samofin kristinni trú og menningu.

Óhætt er að segja að kirkjan fyllist bæði fögnuði og þakklæti fyrir þessi jól. Jólin sem færðu okkur frelsi til þess að hittast saman á ný og halda hefðir jóla í heiðri. Þótt líta megi á kirkjuna sem stofnun þá er hún fyrst og fremst fólkið sjálft sem henni tilheyrir og í hana kemur. Samfélag kristins fólks sem kemur saman í kærleika og andlegri einingu. Kirkja er bæn, samhugur og fjölskyldusamfélag. Og kirkjan gleðst og fagnar saman á jólum. ■

Jólahelgihald Digraneskirkju

Aðfangadagur 24. desember Aftansöngur kl. 18

Séra Sólveig Lára Guðmundsdóttir,
fyrrum vígslubiskup á Hólum, þjónar.
Organisti Sólveig Sigríður Einarsdóttir.
Kammerkór Digraneskirkju leiðir safnaðarsönginn.
Bryndís Guðjónsdóttir syngur einsöng.

Jóladagur 25. desember Guðspjónusta kl. 14

Séra Bryndís Malla Elífdóttir, prófastur, þjónar.
Organisti Sólveig Sigríður Einarsdóttir.
Kammerkór Digraneskirkju leiðir safnaðarsönginn.
Una Dóra Þorbjörnsdóttir syngur einsöng.

28. desember Dagur aldraðra með Söngvinum kl. 14

Séra Alfreð Örn Finnsson, þjónar.
Organisti Hrafnkell Karlsson.
Söngvinir leiða safnaðarsönginn.
Vöflukaffi eftir messu.

Gamlársdagur 31. desember Aftansöngur kl. 16

Séra Alfreð Örn Finnsson, þjónar.
Organisti Sólveig Sigríður Einarsdóttir.
Kammerkór Digraneskirkju leiðir safnaðarsönginn.

Hátíðarguðspjónusta HJALLAKIRKJU

Aðfangadagur kl. 17:00

Prestur: sr. Sunna Dóra Möller

Gospelkór Hjallakirkju VOX GOSPEL

Tónlistarstjóri: Matthías V. Baldursson



Ásgeir Páll Ágústsson
Einsöngur



Friðrik Karlsson
Gítar

HJALLAKIRKJA

Klárar árið með stæl

GAMLÁRSDAGUR

KL. 17:00

Rokkór Íslands - Vox Gospel

Friðrik Karlsson - Matti sax - sr. Sunna Dóra Möller

Einsöngvarar:

Áslaug Helga Hálfánardóttir, Katrín Hildur Jónasdóttir
Kristjana Þórey Ólafsdóttir og Tómas Guðmundsson



STUDIO Birgitte kjóll
Stærðir 38-56
Verð 13.980 kr



STUDIO Alvilda kjóll
Stærðir 38-56
Verð 21.980 kr



GOZZIP Margot skyrtukjóll
Stærðir 38-56
Verð 16.980 kr



STUDIO Poulina kjóll
Stærðir 38-56
Verð 13.980 kr



YEST/YESTA shiffon kjóll
Stærðir 36-56
Verð 19.980 kr



*Fallegar jólagjafir
sem fara vel í pakka*

OPNUNARTÍMI
Opíð alla daga til jóla 11-20
Aðfangadag 10-12



ZE ZE Juan glimmer kjóll
Stærðir 38-48
Verð 9.990 kr



ZHENZI Jaylee glitter kjóll
Til í fjórum litum
Stærðir 42-56
Verð 9.990 kr



ZHENZI Jurnie glitterkjóll
Stærðir 42-56
Verð 12.990 kr



ZHENZI Neola blúndukjóll
Fást líka í rauðu
Stærðir 42-58
Verð 13.990 kr



ZE ZE Agis blúndutoppur
Fást líka í svörtu
Stærðir 38-48
Verð 7.990 kr



FESTIVAL 50 den mynstraðar sokkabuxur
Fleiri gerðir til
Stærðir 36-56
Verð 3.990 kr



FESTIVAL 40 den sokkabuxur
Margir litir til
Stærðir 36-56
Verð 2.990 kr



LASESSOR silkiklútur
Fleiri litir og myndir til
Verð 6.990 kr



FESTIVAL bambus glimmer sokkar
Verð 4.990 kr



NANNA hliðartaska
Fást líka í rauðu og camel
Verð 7.990 kr



REALER Leður hliðartaska
Fást líka í rosegold
Verð 18.990 kr



TAMARIS glam hælaskór
Fást líka í gylltu
Stærðir 37-42
Verð 10.990 kr



JANA hælaskór með lágum hæl
Fást líka lakk
Stærðir 37-42
Verð 8.990 kr

Verzlunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Bílar & Farartæki

AÐALKAUP



TIL AFHENDINGAR STRAX Á FRÁBÆRU VERÐI!!!

SUZUKI VITARA GL++. Ágerð 12/2021, "NYR" ÖEKINN, bensín/hybrid, framdrifinn, sjálfskiptur. Mjög vel útbúinn og sparneytinn jepplingur á mjög góðu verði. Eignum til fleiri líti. Verð aðeins kr.4.977.000- Sjá fleiri myndir og frekari upplýsingar á www.adalkaup.is Rnr.120766.

Aðalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
<http://adalkaup.is>

AÐALKAUP



100% RAFMAGN - TIL AFHENDINGAR STRAX!!!

RENAULT KANGOO Express z.e. 100% rafmagn. 12/2021, "NYR" ÖEKINN, rafmagn, sjálfskiptur. Uppgefin WLTP drægni 240km. Verð aðeins kr.4.977.000-. Erum með 10 stk. til afhendingar strax á þessu frábæra verði fyrir áramót! Sjá fleiri myndir og frekari upplýsingar á www.adalkaup.is Rnr.120765.

Aðalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
<http://adalkaup.is>

Ábendingnappinn má finna á www.barnaheill.is



Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Keypt & Selt

Til sölu



JS LJÓSMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAVARJÓHUSTAN
Skemmuveg 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opíð virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



VINDHANI er góð gjöf

JS Ljósasmíðjan
Skemmuveg 34 - Kóp.
S.: 554 0661 - 897 4996 - 699 2502
Netfang: velaverkjs@simnet.is
www.velaverkjs.is



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um tillögu að nýju deiliskipulagi og breyttu deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Vogabyggð svæði 3

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 14. desember 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 15. desember 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir fyrir svæði 3 í Vogabyggð. Svæðið afmarkast af Dugguvogi til vestur, Tranavog til norðurs, Súðarvogi og strandsvæði Elliðaárvogs frá austurs til suðurs. Skipulagssvæði Vogabyggðar er eitt af þeim svæðum sem skilgreint er sem þróunarsvæði með breyttri landnotkun, iðnaðar- og athafnasvæði verður miðsvæði og íbúðarbyggð. Þar er stefnt að blöndun byggðar, íbúðar og atvinnustarfsemi með heimildum fyrir atvinnustarfsemi í íbúðarbyggð og íbúðum á miðsvæði. Lögð er rík áhersla á fjölbreytta byggð í manneskjulegum mælikvarða, góð almenningsrými og tengsl við aðliggjandi útivistarsvæði. Þannig verður hverfið eftirsóttur valkostur fyrir fólk sem kys að búa og starfa í umhverfi sem einkennist af hvoru tveggja í senn, borgarbrag og nálægð við náttúru. Skipulagssvæði Vogabyggðar er hluti af stærra þróunarsvæði við Elliðaárvog og Ártúnshöfða. Markmið skipulagstillögu: Varðveita og styrkja hið heildstæða yfirbragð sem byggðin býr yfir í dag og stuðla að manneskjuvænu umhverfi innan svæðisins í Kænavogi, með áherslu á aukinn gróður og vandaðri hönnun þegar byggt er við eða ofan á byggingar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Háskólinn í Reykjavík

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 30. nóvember 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 1. desember 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík vegna lóðarinnar nr. 83-89 við Nauthólsveg. Í breytingunni felst m.a. fjölgun íbúða um 10, úr 415 íbúðum í 425 íbúðir, fækkun byggingarreita fyrir svonefnd stakstæð hús á reit A og B ásamt stækkun á byggingarreit fyrir stakstæð hús á reitum C og D. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **22. desember 2022 til og með 7. febrúar 2023**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 7. febrúar 2023. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 22. desember 2022
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Þjónustuauglýsingar Sími 550 5055

Geymsluskúrar / gestahús til sölu



